

FUNDARGERÐ

340. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs var haldinn 2. febrúar 2023 í fundarsal Samtaka iðnaðarins að Borgartúni 35, Reykjavík

Boðuð dagskrá:

1. Fundargerð
2. Endurgjald
3. Skilmálar
4. Erindi til URN vegna innlendrar endurvinnslu
5. Sérstök söfnun
6. Þjónustuaðilar
7. Starfshópur um sérstaka söfnun
8. Önnur mál

Fundinn sátu:

Magnús Jóhannsson, formaður (MJ),
Lárus M.K. Ólafsson, varaformaður (LÓ),
Benedikt S. Benediktsson (BSB),
Eygerður Margrétardóttir (EM),
Guðný Hjaltadóttir (GH),
Hildur Hauksdóttir (HH),
Líf Magneudóttir (LM),
Ólafur Kjartansson, framkvæmdastjóri (ÓK).

BSB ritaði fundargerð.

Samantekt ákvarðana fundarins:

1. Fundargerð 339. fundar var samþykkt og hún verður hún send stjórn til rafrænnar undirritunar.
2. Ákveðið var að fela skrifstofu Úrvinnslusjóðs að taka saman yfirlit þar sem skilgreind er merking hugtaka á borð við „móttökustöð“ o.fl. vegna ákvarðana um jöfnun flutningskostnaðar.
3. Stjórn samþykkti tillögu um breytingar á einingaverðum til þjónustuaðila, frá og með 1. janúar 2023, sem finna má í skjalinu F340 D02 Endurgjald spilliefni.

4. Skrifstofu Úrvinnslusjóðs var falið að ganga frá erindi um innlenda endurvinnslu í endanlegan búning og koma því á framfæri við URN.
5. Umsókn Umhverfisþjónustu Austurlands um að gerast þjónustuaðili var samþykkt.
6. Ákveðið var að næsti fundur stjórnar verði haldinn hinn 16. febrúar 2023 kl. 13:00.

Dagskrárliðir og umræður:

Fundur var settur kl. 10:12

1. Fundargerð

Fyrir fundinum lágu drög að fundargerð 339. stjórnarfundar Úrvinnslusjóðs. Gerðardrögin voru samþykkt með breytingum sem voru gerðar á fundinum og verður fundargerðin send stjórn til rafrænnar undirritunar.

2. Endurgjald

Fyrir fundinum lágu eftirfarandi skjöl:

- *F340 D02 Endurgjald spilliefni*
- *F340 D02 Flutningsjöfnun glerumbúðir*
- *F340 D02 Flutningsjöfnun viðarumbúðir*
- *F340 D02 Minnisblað varðandi söfnun á málmumbúðum á söfnunarstöðvum_flutn. til meðhöndlunarstöðvar*
- *F340 D02 Minnisblað varðandi söfnun og ráðstöfun á glerumbúðum*
- *F340 D02 Minnisblað vegna söfnunar á viðarumbúðum (vörubrettum)_janúar 2023*
- *F340 D02 Sérstök söfnun viðarumbúðir*

ÓK gerði stjórn grein fyrir forsendum og efni tillagna um breytingar á endurgjöldum vegna málm-, gler- og viðarumbúða.

Stjórn ræddi málið. Frekari umræðum og afgreiðslu var frestað til næsta fundar. ÁKVEÐIÐ var að fela skrifstofu Úrvinnslusjóðs að taka saman yfirlit þar sem skilgreind er merking hugtaka á borð við „móttökustöð“ o.fl. vegna ákvarðana um jöfnun flutningskostnaðar.

Íris Gunnarsdóttir, rekstrarstjóri vöruflokka á skrifstofu Úrvinnslusjóðs, var gestur og fundi stjórnar undir umfjöllun um endurgjald vegna spilliefna. Íris gerði stjórn grein fyrir efni og forsendum tillögu um breytingu á endurgjaldi vegna spilliefna.

Stjórn ræddi málið. Stjórn SAMÞYKKTÍ tillögu um breytingar á einingaverðum til þjónustuaðila, frá og með 1. janúar 2023, sem finna má í skjalinu *F340 D02 Endurgjald spilliefni*.

3. Skilmálar

Fyrir fundinum lágu eftirfarandi skjöl:

- *F340 D03 Drög að samningi við þjónustuaðila 1.2.2023.*
- *F340 D03 Drög að skilmálum – 1.2.2023.*
- *F340 D03 Drög að umsóknareyðublaði fyrir þjónustuaðila 1.2.2023.*

Gunnlaug Einarsdóttir, sérfræðingur á skrifstofu Úrvinnslusjóðs var gestur á fundi stjórnar undir umfjöllun um dagskrárliðinn. Gunnlaug gerði stjórn grein fyrir efni framangreindra skjala.

Stjórn ræddi málið. Nánari umræðum var frestað til næsta fundar.

4. Erindi til URN vegna innlendra endurvinnslu

Fyrir fundinum lá skjalið *F340 D04 Erindi til URN vegna ríkisstyrkja*.

Gunnlaug Einarsdóttir, sérfræðingur á skrifstofu Úrvinnslusjóðs, var gestur á fundi stjórnar undir umfjöllun um dagskrárliðinn. Gunnlaug kynnti stjórn efni erindisdraganna.

Stjórn ræddi málið. Skrifstofu Úrvinnslusjóðs var falið að ganga frá erindinu í endanlegan búning og koma því á framfæri við URN.

5. Sérstök söfnun

Fyrir fundinum lágu skjölin *F340 D05 Fyrirspurn um söfnun pappi plast á söfnunarstöðvum* og *F340 D05 Minnisblað fyrir stjórn Úrvinnslusjóðs, breytingar eftir innleiðingu jan. 2023*.

ÓK gerði stjórn grein fyrir ábendingu um akstur endurvinnslufna frá söfnunarstöð til meðhöndlunarstöðvar á Skagaströnd og ábendingu um söfnun endurvinnslufna frá heimilum í dreifbýli á Kjalarnesi.

Stjórn ræddi málið. Nánari umræðum var frestað.

6. Þjónustuaðilar

Fyrir fundinum lá skjalið *F340 D06 Umsókn þjónustuaðila*.

ÓK gerði stjórn grein fyrir umsókn Umhverfisþjónustu Austurlands um að gerast þjónustuaðili.

Stjórn ræddi málið. ÁKVEÐIÐ var að samþykkja umsóknina.

7. Starfshópur um sérstaka söfnun

Stjórn ræddi undirbúning vegna skipunar starfshópsins.

8. Önnur mál

Fyrir fundinum lá skjalið *F340 D08 Rafhlöður í sorpi Erindi frá Landvernd*.

Stjórn ræddi erindi Landverndar.

ÓK gerði stjórn grein fyrir ráðningu nýrra starfsmanna á skrifstofu Úrvinnslusjóðs.

Fleira var ekki gert á 340. fundi stjórnar Úrvinnslusjóðs og fundi slitið kl. 12:05.